

## REGLUGERÐ

### um auglýsingu innkaupa á útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

#### 1. gr.

Öll innkaup opinberra aðila á vörum, þjónustu og verkum yfir innlendum og erlendum viðmiðunarfjárhæðum skulu auglýst opinberlega á útboðsvef sem er sameiginlegur auglýsingavettvangur fyrir opinber útboð, sbr. 55. gr. laga um opinber innkaup.

#### 2. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs innanlands, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um opinber innkaup, eru fyrir vöru- og þjónustusamninga 15.500.000 kr. og fyrir verksamninga 49.000.000 kr.

#### 3. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga um opinber innkaup skulu vera sem hér segir:

Opinberir aðilar að frátöldum sveitarfélögum, stofnunum þeirra, öðrum opinberum aðilum á þeirra vegum eða samtökum sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

Vörusamningar	18.734.400 kr.
Þjónustusamningar	18.734.400 kr.
Verksamningar	721.794.800 kr.

Sveitarfélög, stofnanir þeirra, aðrir opinberir aðilar á þeirra vegum og samtök sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

Vörusamningar	28.752.100 kr.
Þjónustusamningar	28.752.100 kr.
Verksamningar	721.794.800 kr.

#### 4. gr.

Viðmiðunarfjárhæð vegna innkaupa á opinberum þjónustusamningum um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu samkvæmt VIII. kafla laga um opinber innkaup, sem gerðir eru af opinberum aðilum, er 97.575.000 kr.

#### 5. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna kostnaðarþátttöku opinberra aðila sbr. 14. gr. laga um opinber innkaup skulu vera 721.794.800 kr. vegna verksamninga og 28.752.100 kr. vegna þjónustusamninga.

#### 6. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir skv. 3.-5. gr. reglugerðar þessarar gilda einnig um útboðsskyldu vegna innkaupa samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup sem Ísland er aðili að.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2365 frá 18. desember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga.

Reglugerðin er sett með heimild í 23. og 55. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 904/2016 um auglýsingu innkaupa á útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 15. febrúar 2018.*

F. h. r.  
**Sigurður H. Helgason.**

\_\_\_\_\_  
*Hrafn Hlynsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 16. febrúar 2018